

Fundargerð

32. fundur stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands, á starfstímabilinu 2002-2004, var haldinn í Íþróttamiðstöð Íslands, fimmtudaginn 12. febrúar 2004, kl. 19:30.

Fundinn sátu: Jónas Egilsson, formaður, Hreinn Jónasson, Gunnlaugur Karlsson, Sigurður Pétur Sigmundsson, Guðmundur Karlsson, landsliðsþjálfari, Fríða Rún Þórðardóttir unglíngalandsliðsþjálfari og Egill Eiðsson framkvæmdastjóri.

1. Fundargerð 31. fundar stjórnar lögð fram. Samþykkt.

2. Móta- og landsliðsmál

- a) Tillögur frá unglíngalandsliðsþjálfara varðandi Afrekshóp unglínga og átaksverkefni í fjölþrautum. Fríða Rún óskaði eftir því að fresta því að leggja fram tillögurnar þar til á næsta fundi. Fríða greindi frá stöðu einstakra íþróttamanna í Afrekshópi unglínga.
- a) Evrópubíkarkeppnin 2004. Sigurður Pétur fór yfir stöðu mála varðandi undirbúning fyrir Evrópubíkarkeppninna, s.s. dómaramál, gístmál, styrkraraðila o.fl.
- b) HM í Budapest. Guðmundur fór yfir stöðuna varðandi keppendur á HM í Budapest. Þórey Edda komin með lágmark, Jón Arnar ekki öruggur ennþá og Vala 10 sm frá lágmarki í stangarstökki, aðrir ekki líklegir til að ná lágmarki. Formaður bar fram tillögu um að þeir sem næðu lágmarkum eða yrði boðið á mótið, yrðu valdir til þátttöku. Samþykkt.
- c) HM í víðavangshlaupi. Tekin fyrir tillaga ÍÞA um að eftirfarandi keppendur verði valdir til þátttöku í styttri vegalengd á HM í víðavangshlaupum í Brussel, 20.-21. mars nk.; Björn Margeirsson, Gauti Jóhannesson, Sigurbjörn Árni Arngrímsson og Sveinn Margeirsson. Samþykkt. Fararstjóri skipaður Sigurður Pétur Sigmundsson.
- d) Tillaga ÍÞA um nýtingu styrkja frá Afrekssjóði fyrir árið 2004. Landsliðsþjálfari lagði fram tillögu ÍÞA um styrki til afrekssfélks. Samþykkt. Landsliðsþjálfari kynni málið hlutaðeigandi aðilum. Þá lagði landsliðsþjálfari til að Vigdís Guðjónsdóttir, HSK, yrði tekin inn í Ólympíuhóp FRÍ 2004. Samþykkt.
- e) MÍ aðalhluti innanhúss um nk. helgi. Lagður fram tímaseðill og upplýsingar um mótið, sem er í umsjón frjálsíþróttadeildar FH. Yfirdómarar verða Rósa Marinósóttir og Ingunn Jóhannsdóttir fyrri daginn og Birgir Guðjónsson seinni dag.
- f) Tillaga um flokkstjóra FRÍ á Ólympíuleikana. Formaður bar fram tillögu um að Ragnheiður Ólafsdóttir verði flokkstjóri frjálsíþróttamanna á Ólympíuleikunum í Aþenu. Samþykkt.
- g) Landsliðsþjálfari lagði til að FRÍ mundi kaupa myndbandsvél, sem starfsmenn FRÍ hefðu afnot af í starfinu. Ákvörðun frestað.

3. Lagt fram

- a) ÍSÍ, Skýrsla vinnuhóps um íþróttaiðkun án endurgjalds.
- b) IAAF, leikreglur 2004-2005.
- c) Tillaga að svarbréfi frá FRÍ, til frjálsíþróttadeildar FH.
- d) 4. undirbúningsfundur v/Aþenu 2004, dags. 19. jan. sl.
- e) Punktur frá fundi v/Ól. í Aþenu, dags. 2. feb. sl.
- f) Tillaga að samþykkt um Íþróttamannanefnd FRÍ.
- g) Fundargerð félags Frjálsíþróttþjálfara frá 24. jan. sl.
- h) Felix, nýtt félagakerfi fyrir íþróttahreyfinguna.
- i) Menntamálaráðuneytið „Umburðarbréf“.

4. Innsend erindi

- a) Lagt fram tölvupóstbréf frá „á hugamönnum um frjálsar íþróttir“, um útgáfumál. Rætt og ákveðið að skoða þetta mál frekar.
- b) Lagt fram bréf frá ÍSÍ, dagsett 20. janúar sl., um Íþróttáþing 2004. Þingið fer fram á Grand Hótel í Reykjavík 24. og 25. apríl nk.
- c) Lagt fram bréf frá ÍSÍ, dagsett 4. febrúar sl., um flokkstjóra á Ólympíuleikum í Aþenu.
- d) Lagt fram tölvupóstbréf frá Sveini Margeirssyni, dagsett 29. jan. sl., um HM í víðavangshlaupum.
- e) Lagt fram boðsbréf frá frjálsíþróttasambandi Lettlands á Evrópukeppnina í fjölþrautum í Riga, 3.-4. júlí nk.
- f) Félagaskipti.
Eftirfarandi félagaskipti hafa verið tilkynnt til FRÍ;
* Vala Flosadóttir, kt. 160278-3829 úr ÍR (ÍBR) í Breiðablik (UMSK). Fékk keppnisrétt 30. janúar sl.
* Guðmundur Hólmar Jónsson, kt. 280479-3579, úr Breiðablik (UMSK) í Umf. Gretti (USVH). Fékk keppnisrétt 2. febrúar sl.
* Hjalti Rögnvaldsson, kt. 020487-3999, úr Umf. Bolungarvíkur (HSB) í UFA. Fékk keppnisrétt 2. febrúar sl.
* Ólafur Margeirsson, kt. 060384-3209, úr umf. Tindastóli (UMSS) í Breiðablik (UMSK). Fékk keppnisrétt 3. febrúar sl.
- g) Lögð fram dagskrá fyrir norræna framkvæmdastjórafundinn, sem fram fer í Budapest í tengslun við HM, fimmtudaginn 4. mars nk.

5. Fjármál.

- a) Ársreikningar 2003. Lagðir fram ársreikningar fyrir árið 2003. Rætt og stefnt að því að undirrita þá á næsta fundi stjórnar.
- b) Fjárhagsáætlun vegna ársins 2004. Lögð fram rekstraráætlun og fjárhagsáætlun fyrir árið 2004. Þarf að skoða nokkra þætti í áætluninni. betur fyrir næsta fund stjórnar.
- c) Reglur um endurgreiðslu keppenda v. þátttöku í mótum erlendis. Rætt. Ákvörðun frestað til næsta fundar stjórnar.
- d) Ákvörðun um hlutdeild FRÍ í afreksstyrkjum. Rætt. Ákvörðun frestað til næsta fundar stjórnar.

6. Frjálsíþróttáþing 2004

- a) Staðsetning. Rætt um tvo mögulega valkosti fyrir þingið, Mosfellsbæ og Reykjavík.

7. Starfsmannamál

- a) Starfsmaður vegna styrktarmála og vegna Evrópubíkarkeppni. Samþykkt að ganga til viðræðna við Guðmund G. Kristinsson um starfið.
- b) Lagður fram starfssamningur við starfandi framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri vék af fundi á meðan fjallað var um málið. Starfssamningurinn var samþykktur samhljóða.

Fundi slitið kl. 22:10

Fundargerð ritaði Egill Eiðsson.